

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um hraðari innleiðingu tilraunaverkefnis um bættu kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 14. febrúar 2023 var samþykkt að vísa eftirfarandi tillögu til skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að vinna að því að hraða innleiðingu á tilraunaverkefni starfshóps um bættu kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur og að innleiðing verði hafin í öllum grunnskólum eigi síðar en haustið 2024.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í [almennum aðgerðum menntastefnu til ársins 2024](#) undir aðgerðinni um *Heilbrigði og vellíðan* er sérstakur verkþáttur sem lítur að aukinni kynfræðslu. Undir þeim lið er markmiðið meðal annars að:

- Efla getu kennara á öllum skólastigum til að kenna kynfræðslu og fjalla um kynheilbrigði.
- Hvetja fleiri skóla/félagsmiðstöðvar til að taka þátt í tilraunaverkefni um alhliða kynfræðslu.
- Hvetja alla starfsstaði til að taka virkan þátt í Viku6.

Staða þessarar aðgerðar í júní 2023 er eftirfarandi:

- Tilraunaverkefnið um alhliða kynfræðslu er ekki lengur tilraunaverkefni en sex grunnskólar taka þegar fullan þátt í verkefninu. Þá er fræðslupakki um alhliða kynfræðslu tilbúinn fyrir aðra skóla og félagsmiðstöðvar til að nýta og innleiða.
- Frá hausti 2022 hafa yfir 20 kennarar úr 15 grunnskólum tekið þátt í lærdómssamfélagi um alhliða kynfræðslu þar sem markmiðið er að efla getu þeirra og þekkingu á viðfangsefninu og gefa þeim tækifæri til að læra hver af öðrum og miðla eigin reynslu.
- Sérstök áhersla hefur verið lögð á að efla þátttöku grunnskóla í Viku6, unglingsfundur var haldinn í desember og spurningar til grunnskóla varðandi viðfangsefnið voru sendar út í október 2022.

Við þetta má bæta að á liðnum árum hefur umfang verkefna Jafnréttisskólans aukist jafnt og þétt m.a. vegna fjölgunar á málum sem tengjast kynferðislegu áreitni og ofbeldi meðal barna og ungmenna, fordómum gegn hinsegin málefnum og stóru aukinni þörf starfsfólks í skóla- og frístundastarfi fyrir ráðgjöf og stuðning í þeim málefnum. Með eflingu Jafnréttisskólans verður hægt að leggja aukið afl í að hraða innleiðingu verkefnis um alhliða kynfræðslu í námi og kennslu með þeim stuðningi, fræðslu og ráðgjöf sem þörf er á fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.